

Íslenski lífeyrissjóðurinn

ÁRSSKÝRSLA 2007

EFNISYFIRLIT

Ávarp framkvæmdastjóra	4
Stjórn	5
Um sjóðinn.....	5
Séreign – Sameign – Leiðir til útgreiðslu.....	7
Iðgjöld.....	7
Lífeyrir	8
Ávöxtun	8
Fjárfestingarstefna og eignastýring.....	11
Þjónusta við sjóðfélaga og nýjungar á árinu.....	13
Breytingar á samþykktum	15
Tryggingafræðileg úttekt.....	15
Ársreikningur	17



Tómas N. Möller framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins.

1. Ávarp framkvæmdastjóra

Árið 2007 var gott fyrir sjóðfélaga Íslenska lífeyrissjóðsins. Þrátt fyrir ágjöf á mörkuðum tókst eignastýring sjóðsins vel og skiluðu leiðir hans frá 7,9% til 14,0% í nafnávöxtun. Vöxtur sjóðsins var góður og til marks um það jukust eignir hans um rúm 30% og standa nú í 30,8 milljörðum. Á sama tíma hækkuðu inngreidd iðgjöld um 18%, í 5,6 milljarða og lífeyrisgreiðslur um 46%, eða í 370 milljónir.

Mikilvægur þáttur í góðu gengi Íslenska lífeyrissjóðsins árið 2007 er virk og markviss eignastýring sjóðsins sem byggir á traustri fjárfestingarstefnu, sem fylgt er eftir af reynslumiklum sérfræðingum Landsbankans. Virk stýring sjóðsins skilaði sjóðfélögum um 1,1 milljarði króna ár árinu umfram vísitölur þeirra markaða sem sjóðurinn fjárfestir á.

Á árinu voru stigin nokkur skref í aukinni þjónustu við sjóðfélaga. Má þar nefna nýtt heimasvæði fyrir Lífeyrissparnað Landsbankans, þar sem Íslenski lífeyrissjóðurinn er flaggskip þeirrar þjónustu. Einnig eru þar nýjar og bætтар reiknivélar sem gefa sjóðfélögum færi á að skoða stöðu sína út frá eigin forsendum og ný útgáfa af öflugum ráðgjafareikni sem veitir ráðgjöfum Landsbankans enn betri möguleika á að bjóða vandaða ráðgjöf, sniðna að þörfum hvers og eins.

Í þeirri miklu og virku samkeppni sem einkennir markað fyrir lífeyrissparnað skiptir máli að bjóða fyrsta flokks vöru og þjónustu. Íslenski lífeyrissjóðurinn nýtur mikils ávinnings af góðu samstarfi við Landsbankann sem veitir sjóðfélögum aðgang að öflugum útibúaneti og reyndum ráðgjöfum samhliða þjónustu við bókhald, tölvuvinnslu, markaðsmál og eingastýringu.

Ég vil nota tækifærið og þakka starfsfólki Lífeyrissparnaðar Landsbankans fyrir einstaklega vel unnin störf á árinu og ég er þess fullviss að næstu ár eiga eftir að verða góð fyrir Íslenska lífeyrissjóðinn.

Með kveðju,

Tómas N. Möller
framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins

2. Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins skipa fimm stjórnarmenn sem kosnir eru af sjóðfélögum og tilnefndir af bankaráði Landsbankans. Stjórnarformaður sjóðsins er Ingólfur Guðmundsson en ásamt stjórnarformanni eru Hermann Jónasson og Kristín Jóhannesdóttir, skipuð af bankaráði, og Helgi Magnússon og Jón Snorri Snorrason sem kosnir eru af sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins. Varamenn eru Haukur Þ. Haraldsson, tilnefndur af bankaráði Landsbankans og Þórhallur Haukur Reynisson, kosinn af sjóðfélögum á ársfundi.

Frankvæmdastjóri sjóðsins er Tómas N. Möller og sjóðsstjóri er Davíð Harðarson.



Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins starfsárið 2007 til 2008.

Efri röð frá vinstri: Jón Snorri Snorrason, Ingólfur Guðmundsson (stjórnarformaður), Helgi Magnússon, Þórhallur Haukur Reynisson (varamaður).

Neðri röð frá vinstri: Haukur Haraldsson (varamaður), Hermann Jónasson, Kristín Jóhannesdóttir.

3. Um sjóðinn


Íslenski lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1990 með það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum þjónustu á sviði séreignarlífeyrissparnaðar. Við gildistöku nýrra laga um lífeyrissjóði í júlí 1998 hóf lífeyrissjóðurinn að bjóða móttöku iðgjalda til öflunar lífeyrisréttinda í sameign til að geta gefið þáverandi og væntanlegum sjóðfélögum kost á að tryggja sér lögbundna lágmarkstryggingu lífeyrisréttinda hjá sjóðnum. Samhliða því var boðið upp á þrjár leiðir við ávöxtun séreignarlífeyrissparnaðar.

Í Íslenska lífeyrissjóðnum eru starfræktar tvær deildir, séreignardeild og samtryggingardeild. Báðar deildir lúta sömu stjórn. Samtryggingardeild tryggir sjóðfélaga um það bil 56% af meðallaunum í ellilífeyri frá 70 ára aldri til æviloka, auk réttar til örorku-, maka- og barnalífeyris. Séreignardeildin byggir upp lífeyrissparnað sem er laus til útborgunar frá 60 ára aldri. Hún erfist og má flytja hana milli sjóða.

Lífsbraut Íslenska lífeyrissjóðsins myndar kjölfestuna í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Hún samanstendur af fjórum ávöxtunarleiðum, Líf I til IV, sem taka mið af aldri og þar með væntum fjárfestingartíma sjóðfélaga.

Fjárfestingars Stefna lífsbrautar Íslenska lífeyrissjóðsins

Líf I



Fjárfestingars Stefna

- Innlend skuldabréf 20.0 %
- Innlend hlutabréf 20.0 %
- Erlend skuldabréf 5.0 %
- Erlend hlutabréf 40.0 %
- Framsæknar fjárfestingar 15.0 %

Áhætta: Lítill **1** 2 3 **4** 5 Mikil

Hentar hverjum: 16–44 ára. Fyrir einstaklinga sem vilja taka áhættu og ná góðri ávöxtun til lengri tíma. Sveiflur í ávöxtun geta orðið miklar yfir skemmri tímabil en stefnt er að góðri langtímaávöxtun. Hentar því þeim sem eiga 20 ár eða meira eftir af lífeyrissöfnunartíma sínum.

Líf II




Fjárfestingars Stefna

- Innlend skuldabréf 42.0 %
- Innlend hlutabréf 15.0 %
- Erlend skuldabréf 5.0 %
- Erlend hlutabréf 28.0 %
- Framsæknar fjárfestingar 10.0 %

Áhætta: Lítill **1** 2 **3** 4 5 Mikil

Hentar hverjum: 45–54 ára. Fyrir einstaklinga sem vilja taka hóflega áhættu og ná góðri ávöxtun til lengri tíma. Sveiflur í ávöxtun safnsins geta orðið þó nokkrar yfir skemmri tímabil en stefnt er að góðri langtímaávöxtun. Hentar því þeim sem eiga meira en 5 ár eftir af lífeyrissöfnunartíma sínum.

Líf III




Fjárfestingars Stefna

- Innlend skuldabréf 72.5 %
- Innlend hlutabréf 7.5 %
- Erlend skuldabréf 3.0 %
- Erlend hlutabréf 12.0 %
- Framsæknar fjárfestingar 5.0 %

Áhætta: Lítill **1** **2** 3 4 5 Mikil

Hentar hverjum: 55–64 ára. Fyrir einstaklinga sem vilja stöðuga ávöxtun sem sveiflast lítið. Hentar því þeim sem eiga skamman tíma eftir af lífeyrissöfnunartíma sínum.

Líf IV



Fjárfestingars Stefna

- Innlend skuldabréf 80.0 %
- Erlend skuldabréf 10.0 %
- Innlán í bönkum 10.0 %

Áhætta: Lítill **1** 2 3 4 5 Mikil

Hentar hverjum: 65 ára og eldri. Fyrir einstaklinga sem nalgast töku lífeyris eða eru nú þegar farnir að taka út lífeyri. Lögð er áhersla á trausta og jafna ávöxtun.

Langflestir sjóðfélagar Íslenska lífeyrissjóðsins fylgja Lífsbrautinni og njóta þar með sjálfvirkar ráðgjafar um ávöxtunarleið miðað við aldur sinn. Þannig vegur hlutur hlutabréfa og framsækinna fjárfestinga þyngst í Líf I en sú leið er ætluð sjóðfélögum á aldrinum 16 til 44 ára þar sem vænt langtímaávöxtun þessara eignaflokka er hærrí en skuldabréfa. Vægi þessara fjárfestinga minnkar svo í Líf II og III um leið og áhersla er lögð á skuldabréf sem sveiflast jafnan minna í verði. Leiðin Líf IV, sem ætluð er þeim sem nálgast starfslok eða hafa byrjað töku lífeyris, samanstendur af fjárfestingum í innlendum og erlendum skuldabréfum og eftir atvikum innlánnum. Þeir sjóðfélagar, sem svo kjósa, geta valið að fylgja ekki Lífsbrautinni heldur velja tiltekna ávöxtunarleið í samræmi við sínar óskir.

Samtryggingardeild sjóðsins fylgir sömu fjárfestingarstefnu og Líf II. Ávöxtun er hins vegar ekki endilega nákvæmlega sú sama þar sem greiðslufæði inn og út úr deildunum er ekki það sama og er því verið að fjárfesta fyrir ólíkar fjárhæðir á hverjum tíma.

4. Séreign – Sameign – Leiðir til útgreiðslu

Iðgjald til viðbótarlífeyrissparnaðar rennur í séreignardeild og tekur sjóðfélagi sjálfur ákvörðun um hvaða ávöxtunarleið hann vill fylgja. Séreignin er til útborgunar við 60 ára aldur.

Lögbundið framlag til öflunar lífeyrisréttinda, sem nú er almennt 12%, skiptist milli samtryggingardeilda og séreignardeilda. Sjóðurinn býður upp á mikinn sveigjanleika hvað varðar ævilangan ellilífeyri og geta sjóðfélagar valið milli tveggja leiða fyrir útgreiðslu lífeyris.

Útgreiðsluleið 1. Sameign 70 ára

I. Lögbundnu 12% lágmarksiðgjaldi er ráðstafað um 2/3 hluta til öflunar lífeyrisréttinda í samtryggingardeild og um 1/3 hluta til öflunar lífeyrissparnaðar í séreignardeild. Það sem fer í séreignardeild er til ráðstöfunar eftir sömu reglum og gilda um viðbótarlífeyrissparnað.

Ráðstöfun lögbundins lífeyrissparnaðar



Greiðslur úr frjálsri séreign geta hafist við 60 ára aldur og greiðslur úr sameign hefjast við 70 ára aldur sem tryggir ævilangan ellilífeyri. Þessi leið hentar vel þeim sem vilja eiga möguleika á að njóta sparnaðarins snemma og ráðstafa honum sem mest sjálfir.

Útgreiðsluleið 2. Sameign 80 ára

II. Þessu til viðbótar býður sjóðurinn, þeim sem það sérstaklega kjósa, upp á útgreiðsluleið sem greiðir ævilangan lífeyri úr samtryggingu frá 80 ára aldri en bundin séreign greiðir ellilífeyri frá 70 til 80 ára aldurs.

Ráðstöfun lögbundins lífeyrissparnaðar




Þessi leið hentar fyrst og fremst þeim sem leggja áherslu á að ráðstafa sem stærstum hluta iðgjalds í séreignardeild en 1/4 hluti iðgjalds rennur til samtryggingardeildar. Séreignin skiptist þá í bundna séreign og frjálsa séreign.

5. Iðgjöld


Þann 1. janúar 2007 tóku í gildi breytingar á lögum um starfsemi lífeyrissjóða og er lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða nú 12 % af iðgjaldastofni í stað 10 % áður. Launþegar greiða 4 % og atvinnurekendur 8 %. Hjá íslenska lífeyrissjóðnum rennur þessi 2 % hækkun á lágmarksiðgjaldi óskipt í frjálsa séreign sjóðsins. Allir launamenn greiða lögbundið iðgjald frá 16 ára aldri til 70 ára aldurs.

Alls voru greidd iðgjöld vegna 19.734 sjóðfélaga árið 2007 og voru heildariðgjöld 5,6 milljarðar króna.



6. Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur Íslenska lífeyrissjóðsins árið 2007 námu 372 milljónum króna og hækkuðu um 46 % á milli ára.



Eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd er langstærsti hluti lífeyrisgreiðslna ellilífeyrir, eða um það bil 90 % af lífeyrisgreiðslum. Á næstu mynd má sjá að örorkuþyrði sjóðsins er lág sem gefur sjóðnum betra svigrúm til að greiða hærri ellilífeyri en annars væri.


7. Þróun eigna og ávöxtunar

Eignir

Hrein eign Íslenska lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris var í árslok 2007 þrjátíu milljarðar og jókst um 33% milli árana 2006 og 2007 eða um 7,3 milljarða króna. Á meðfylgjandi mynd má sjá að vöxtur eigna sjóðsins hefur verið mjög góður síðastliðin ár.

Þar kemur einnig fram að eign í samtryggingardeild stóð nánast í stað. Ástæða þess er sú að á árinu var sjóðfélögum í samtryggingardeild, þ.e. þeim sem greiða lögbundinn lífeyrissparnað til sjóðsins, greidd uppbót á lífeyrissparnað í séreign sem nemur um 700 milljónum króna. Uppbót þessi kemur til vegna góðrar ávöxtunar undanfarinna ára og sterkrar tryggingafræðilegrar stöðu. Hún er greidd sjóðfélögum á fimm ára fresti í samræmi við ákvæði samþykkt sjóðsins.


Hlutfallsleg skipting lífeyrisþega




Ávöxtun

Ávöxtun eigna Íslenska lífeyrissjóðsins hefur gengið mjög vel undanfarin ár eins og tölur á meðfylgjandi mynd bera með sér. Þar kemur fram að ávöxtun Lífsbrautarinnar hefur verið í takt við markmið hennar, þ.e. að langtímaávöxtun Líf I er hæst í takt við hátt hlutfall hlutabréfa og framsækinnna fjárfestinga. Á sama tíma er ávöxtun Líf IV jafnari í samræmi við það hlutverk hennar að ávaxta sparnað þeirra sem hafa byrjað að taka lífeyri.

Hrein eign til greiðslu lífeyris



Ávöxtun Íslenska lífeyrissjóðsins árið 2007, sl. 3 ár og sl. 5 ár



Nafnávöxtun Íslenska lífeyrissjóðsins sl. fimm ár

	2007	2006	2005	2004	2003
Líf I	8,20 %	20,40 %	14,70 %	12,20 %	19,20 %
Líf II	8,10 %	19,40 %	12,80 %	11,40 %	16,20 %
Líf III	9,40 %	14,80 %	9,40 %	12,00 %	10,80 %
Líf IV	14,10 %	11,30 %	8,20 %	7,70 %	7,80 %
Samtryggingardeild	7,90 %	19,60 %	14,20 %	10,10 %	13,00 %

Umsýsluþóknun

Árið 2006 voru gerðar breytingar á umsýsluþóknun Íslenska lífeyrissjóðsins til Landsbankans og eru þau kjör, sem sjóðurinn nýtur hjá bankanum, nú enn hagstæðari en áður var eða 0,1 % af eignum sjóðsins í árslok. Því til viðbótar reiknast árangurstengd þóknun ef ávöxtun eigna sjóðsins fer umfram þær viðmiðunarvísitölur sem fjárfestingarstefna sjóðsins tekur mið af.

Árangurstengd þóknun er 20 % af ávöxtun umfram viðmið sjóðsins en samanlögð þóknun getur þó ekki farið yfir 0,5 % af eignum. Árangurstengd þóknun er reiknuð sérstaklega fyrir samtryggingardeildina og hverja leið Lífsbrautarinnar.

Til þess að Landsbankinn fái aukna umsýsluþóknun í formi árangurstengdrar umsýsluþóknunar þarf ávöxtun eigna Íslenska lífeyrissjóðsins að ganga mjög vel. Árangurinn þarf að vera betri en meðaltalsbreyting á þeim mörkuðum sem hann er að fjárfesta á. Auk þess þarf sjóðsstjóri að vinna upp þann viðskiptakostnað sem leggst til við eignastýringu sjóðsins.

Viðmiðunarvísitölur:

- Íslensk hlutabréf - Úrvalsvisitala Kauphallar Íslands
- Íslensk skuldabréf - Skuldabréfavísitölur Kauphallar Íslands, í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Erlend hlutabréf og skuldabréf – Alþjóðlegar hlutabréfa- og skuldabréfavísitölur, í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Árangur af virkri stýringu Íslenska lífeyrissjóðsins árið 2007:

Markmið sjóðsstjóra er að gera betur en viðmiðunarvisitölur og tryggja þannig hag sjóðfélaga á hverjum tíma. Á árinu 2007 var árangur eignastýringar sjóðsins mjög góður og skilaði sjóðfélögum um 1,1 milljarði í ávöxtun umfram viðmið fjárfestingarstefnu sjóðsins.

8. Fjárfestingarstefna og eignastýring

Miklar áherslubreytingar hafa orðið á fjárfestingarstefnu Íslenska lífeyrissjóðsins á undanförunum árum. Meginstefnan er að bjóða ætíð upp á öll möguleg fjárfestingarmengi þar sem vænt ávöxtun er háþyrkingu að gefinni áhættu sem metin er út frá sögulegum gögnum. Þannig eiga ungir sjóðfélagar að geta treyst því að Líf I sæki þá ávöxtun sem framsæknust er hverju sinni. Með breytingunum hefur áhættustig deilda aukist en um leið hefur verið bætt mikið við landfræðilega dreifingu fjárfestinga sem aftur hefur dregið úr heildaráhrifum áhættu við fjárfestingar. Því má að nokkru leyti segja að aukin dreifing í landfræðilegri áhættu hafi vegið upp aukna áhættu samfara aukningu framsækinnna fjárfestinga. Heimildir fjárfestinga eru þó alltaf innan tiltekinna marka en það sem e.t.v. mestu máli skiptir er að þó fjárfestingarstefna einstakrar deildar sé mjög framsækin þá eru heimildir sjóðsstjóra verulega miklar í þá átt að minnka áhættusækni ef markaðsaðstæður gefa tilefni til þess.

Nýjasti eignaflokkurinn í fjárfestingarleiðum Íslenska lífeyrissjóðsins eru svokallaðar óhefðbundnar fjárfestingar, stundum kallaðar framsæknar fjárfestingar (e. Alternative Assets). Þeim eignaflokki má skipta í vogunarsjóði (e. Hedge Funds), einkafjárfestingarsjóði (e. Private Equity), fasteignafjárfestingar (e. Real Estate) og millilagsfjármögnum (e. Mezzanine) ásamt fleiri tegundum fjárfestinga. Einstakar eignir innan þessa eignaflokks eiga það sammerkt að vera nokkuð áhættusæknar. Með rétttri áhættudreifingu er hægt að bæta verulega ávöxtun Íslenska lífeyrissjóðsins og minnka skammtímasveiflur til lengri tíma lítið enda sveiflast þessi eignaflokkur með öðrum hætti en t.a.m. hlutabréf og skuldabréf. Stefnt er því að haga fjárfestingum innan þessa eignaflokks með þeim hætti að hvert og eitt einstakt verkefni telji ekki meira en sem nemur 0,1 % af viðkomandi ávöxtunarleið. Ætti það að draga verulega úr líkum á því að áföll, sem óhjákvæmilega henda einstök fjárfestingarverkefni í þessum eignaflokki, hafi afgerandi áhrif á ávöxtun einstakra ávöxtunarleiða.

Árið 2006 voru óhefðbundnar fjárfestingar fyrst skilgreindar sem sér eignaflokkur á fjárfestingarleiðum Íslenska lífeyrissjóðsins þó að byrjað væri að fjárfesta í þessum eignaflokkum nokkru fyrr. Var stefna Líf I fyrst um sinn að ná 5% að heildarsjóðnum í þessum eignaflokki en nú fyrir árið 2008 hefur markmið um þessar fjárfestingar verið fært upp í 15%. Um áramótin 2007/2008 voru fjárfestingar Leiðar I komnar upp í 6,4% en fjárfestingarloforð þessa eignaflokks nokkru hærrí. Gert er ráð fyrir að 15% markmiði verði ná um árið 2010.



Davíð Harðarson,
sjóðsstjóri Íslenska lífeyrissjóðsins

Meðalstaða sjóðsins í eignum á árinu:

Líf I	Meðalstaða 2007
Innlend hlutabréf	19,8%
Innlend skuldabréf	40,2%
Erlend hlutabréf	26,8%
Erlend skuldabréf	9,1%
Framsæknar fjárfestingar	4,1%

Líf II	Meðalstaða 2007
Innlend hlutabréf	14,9%
Innlend skuldabréf	53,2%
Erlend hlutabréf	20,5%
Erlend skuldabréf	7,5%
Framsæknar fjárfestingar	3,9%

Líf III	Meðalstaða 2007
Innlend hlutabréf	7,4%
Innlend skuldabréf	77,1%
Erlend hlutabréf	9,7%
Erlend skuldabréf	3,8%
Framsæknar fjárfestingar	1,9%

Líf IV	Meðalstaða 2007
Innlend skuldabréf	100,0%

Samtryggingardeild	Meðalstaða 2007
Innlend hlutabréf	14,8%
Innlend skuldabréf	53,1%
Erlend hlutabréf	21,9%
Erlend skuldabréf	6,6%
Framsæknar fjárfestingar	3,6%

Árangur virkrar stýringar

Virk eignastýring sjóðsins skilaði góðum árangri á árinu 2007 og skiluðu frávik sjóðsstjóra frá langtímastefnu fjárfestingarleiðanna samtals 1.155 milljónum. Skiptinguna má sjá í neðangreindri töflu:

Deild	Ávöxtun	Umframárangur	Í krónum
Líf I	8,2%	4,3%	505 m.kr
Líf II	8,1%	3,6%	261 m.kr
Líf III	9,4%	3,1%	155 m.kr
Líf IV	14,1%	5,5%	156 m.kr
Samtryggingardeild	7,9%	3,4%	79 m.kr

Horfur 2008

Margt bendir til þess að erfitt verði að sækja ávöxtun á flestum hlutabréfamörkuðum á árinu 2008. Velflestir hlutabréfamarkaðir náðu sínu hæsta gildi á seinni hluta árs 2007 og hafa síðan átt verulega undir högg að sækja eftir undirmálskrísuna í Bandaríkjunum. Afleiðing undirmálskrísunnar er lausafjárþurrð á heimsvísu sem mun vara í töluverðan tíma og hafa mikil áhrif á þróun hlutabréfa í framhaldinu, þá sérstaklega skuldsettra fyrirtækja. Álögur á skuldabréf fyrirtækja hafa hækkað mikið og skapað tækifæri bæði hér heima og á alþjóðamörkuðum. Hátt fyrirtækjaálag og háir skammtímavextir hér heima koma sjóðnum til góða og gefa ágætis fyrirheit um ávöxtun ársins, sérstaklega fyrir Líf IV sem fjárfestir eingöngu í skuldabréfum. Hlutabréfamarkaðirnir koma til með að hafa ráðandi áhrif á niðurstöðu ársins þrátt fyrir háa ávöxtun skuldabréfa og tekur eignastýringin mið af því að gert sé ráð fyrir mögru ári á hlutabréfamörkuðum hér heima sem og erlendis. Líkt og á árinu 2007 verður áhersla lögð á varfærnar fjárfestingar og mikil áhersla lögð á fjárfestingar sem draga úr miklum sveiflum í ávöxtun s.s. skuldabréf og framsæknar fjárfestingar.

9. Þjónusta við sjóðfélaga og nýjungar á árinu**Ráðgjöf um lífeyrismál**

Sjóðfélagar Íslenska lífeyrissjóðsins njóta ráðgjafar sérfræðinga Landsbankans í lífeyrismálum. Í Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu bankans starfar hópur reyndra ráðgjafa sem veita sjóðfélögum ráðgjöf um ávöxtun sparnaðar síns og úttekt lífeyris og lífeyrissparnaðar. Jafnframt eiga sjóðfélagar greiðan aðgang að ráðgjöfum í viðtæku útibúakerfi bankans um allt sem lýtur að lífeyrisréttindum, lífeyrissparnaði og Launavernd.

Landsbankinn hefur einnig staðið fyrir opnum kvöldum um lífeyrismál sem ganga undir nafninu: „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld“. Þar er viðskiptavinum boðin fræðsla um lífeyrismál almennt og þá þætti sem máli skipta þegar hugað er að lífeyrissparnaði.

Þá má nefna að í fréttabréfi Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu, sem sent er sjóðfélögum með lífeyrisyfirlitum tvisvar sinnum á ári, er að finna gagnlegan fróðleik um lífeyrismál og með hvaða hætti lífeyrissparnaður er best byggður upp og hvernig hann nýtist okkur.

Breyting á fjárfestingarstefnu Líf IV

Þann 1. júlí var gerð breyting á fjárfestingarstefnu einnar af fjórum ávöxtunarleiðum Lífsbrautar Íslenska lífeyrissjóðsins. Fjárfestingarstefnan byggir nú fyrst og fremst á varfærunum fjárfestingum í innlendum og erlendum skuldabréfum en áður gátu viðskiptavinir valið um verðtryggða eða óverðtryggða lífeyrisbók.

Markmiðið með breytingunum er að bjóða viðskiptavinum upp á jafna og góða ávöxtun og að nýta þau tækifæri sem gefast á fjármálamörkuðum hverju sinni sem og að laga fjárfestingarstefnu Íslenska lífeyrissjóðsins að breyttu lagaumhverfi. Lífeyrissparnaður þeirra sjóðfélaga sem fylgja Lífsbraut Íslenska lífeyrissjóðsins mun fylgja breyttri fjárfestingarstefnu þegar hann flyst yfir í Líf IV við 65 ára aldur. Kjösi menn hins vegar að hafa sparnað sinn á lífeyrisbók

geta þeir beðið um að flytja Lífeyrissparnað sinn yfir á Lífeyrisbók Landsbankans þegar þar að kemur.

Ný og bætt heimasíða fyrir lífeyrissparnað

Um áramótin uppfærði Landsbankinn heimasíðu bankans fyrir lífeyrissparnað og eru á heimasíðu hans, www.landsbanki.is, nú aðgengilegar ítarlegri og betri upplýsingar þar um.

Með nýrri reiknivél fyrir sjóðfélaga Íslenska lífeyrissjóðsins er með aðgengilegum hætti hægt að reikna út virði lögbundins lífeyrissparnaðar og viðbótarlífeyrissparnaðar hjá Íslenska lífeyrissjóðnum miðað við forsendur hvers og eins. Einnig er boðið upp á að bæta reglubundnum sparnaði við. Reiknivélin er aðgengileg ásamt öðrum reiknivélum fyrir fjármál heimilisins á heimasíðu Landsbankans undir „Reiknivélar“.

Ráðgjöf til sjóðfélaga sem eru að nálgast töku lífeyris og afnám tekjutengingar ellilífeyris almannatrygginga við viðbótarlífeyrissparnað

Undanfarin ár hefur Landsbankinn sent viðskiptavinum sínum á sextugasta og sjötta aldursári bréf og vakið athygli þeirra á því að það geti borgað sig fyrir þá að taka út viðbótarlífeyrissparnaðinn fyrir 67 ára aldur til að forðast skerðingu á tekjutengdum ellilífeyri. Viðskiptavinir sem hafa átt rétt á tekjutengdum lífeyri hafa margir hverjir nýtt sér þessa ráðgjöf og flýtt töku viðbótarlífeyrissparnaðar.

Í desember sl. bárust svo þær góðu fréttir að ríkisstjórnin hyggi á breytingar á lögum um almannatryggingar sem munu leiða til þess að afnumin verði tenging greiðslna úr viðbótarlífeyrissparnaði og tekjutengds ellilífeyris almannatrygginga. Miðað er við að fyrirhugaðar breytingar verði að lögum á vorþingi 2008 og taki gildi frá og með 1. janúar 2009.

Þessar breytingar auka svigrúm viðskiptavina til að nýta sér viðbótarlífeyrissparnað sinn og þýða að ekki verður þörf á að taka hann út fyrir 67 ára aldur til að forðast skerðingu ellilífeyris frá almannatryggingum. Rétt er að ráðleggja þeim, sem eru orðnir 67 ára og eiga rétt á tekjutengdum ellilífeyri, að bíða með úttekt lífeyrissparnaðar síns eftir því sem kostur er fram yfir næstu áramót.

10. Breytingar á samþykktum

Á ársfundi Íslenska lífeyrissjóðsins á síðasta ári voru lagðar fram og samþykktar nokkrar breytingar á samþykktum sjóðsins í fimm liðum:

- 1) **Breytingar á framreikningi örorkulífeyris.** Settar voru ákveðnar takmarkanir á framreikningsrétt sjóðfélaga sem greiða inn háa eingreiðslu, til að mynda á grundvelli starfslokasamnings eða kaupauka og ávinna sér tímabundið rétt til framreiknings sem er ekki í neinum tengslum við almennar tekjur hans og iðgjaldsgreiðslur til sjóðsins.
- 2) **Atkvæðisréttur sjóðfélaga á aðalfundi.** Hér var fyrst og fremst um að ræða orðalagsbreytingu með það að markmiði að skýra betur gildandi ákvæði.
- 3) **Reglur um breytingar á samþykktum.** Breytingarnar lutu að því að tryggja bankastjórn bankans, með ótvíræðum hætti, aðkomu að breytingu, á samþykktum sem lúta að fyrirkomulagi á rekstri sjóðsins sem talið var eðlilegt í ljósi náins samstarfs á milli Íslenska lífeyrissjóðsins og Landsbankans við uppbyggingu sjóðsins.
- 4) **Breytingar á heiti útgreiðsluleiða.** Gerðar voru breytingar á heiti útgreiðsluleiða lögbundins lífeyrissparnaðar til að gera heiti þeirra meira lýsandi fyrir sjóðfélaga.
- 5) **Orðalagsbreyting:** Loks var gerð ein orðalagsbreyting þar sem orðinu „Aðalfundur“ var breytt í „Ársfundur“ í samþykktum til samræmis við hugtakanotkun í lögum um lífeyrissjóði.

11. Tryggingafræðileg úttekt: Mismunur á áföllnum skuldbindingum og áunnum réttindum sjóðfélaga

Eins og lög gera ráð fyrir er árlega framkvæmd tryggingafræðileg úttekt á samtryggingardeild Íslenska lífeyrissjóðsins. Í tryggingafræðilegri úttekt fyrir árið 2007 kemur fram að tryggingafræðileg staða sjóðsins er áfram mjög sterk.

Eins og fram kom hér að framan var á árinu 2007 greitt úr samtryggingardeild til frjálsrar séreignar sjóðfélaga, í samræmi við ákvæði greinar 6.4 í samþykktum, fjárhæð sem á verðlagi í árslok 2006 var 700,7 milljónir króna. Greiðslan nam eignum sjóðsins (án endurmats) umfram skuldbindingar og er tilkomin vegna sterkra tryggingafræðilegrar stöðu og góðrar ávöxtunar. Þrátt fyrir þessa myndarlegu útgreiðslu er tryggingafræðileg staða sjóðsins jákvæð í lok árs 2007 sem má rekja til áframhaldandi góðrar tryggingalegrar reynslu. Þannig eru heildareignir 2,5% umfram heildarskuldbindingar eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu þar sem gerð er grein fyrir meginniðurstöðum tryggingafræðilegrar úttektar fyrir árið 2007.

Meginniðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar 2007:

	Áfallnar	Framtíðar	Heildar
Eignir			
Bókfærð eign	2.421,9		2.421,9
Endurmat	132,8		132,8
Fjárfestingarkostnaður	-68,6		-68,6
Iðgjöld	0	9.081,0	9.081,0
Samtals	2.486,1	9.081,0	11.567,1
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	1.444,7	6.439,2	7.883,9
Örorkulífeyrir	639,0	1.666,0	2.305,0
Makalífeyrir	150,1	528,1	678,2
Barnalífeyrir	0,0	115,4	115,4
Rekstrarkostnaður	33,2	264,8	298,0
Samtals	2.267,0	9.013,5	11.280,5
Eign umfram skuldb.	219,1	67,5	286,6
Hlutfall skuldb.	9,7 %	0,7 %	2,5 %

12. ársreikningur

Íslenski lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur

2007

Íslenski lífeyrissjóðurinn
Austurstræti 11
155 Reykjavík
Kt. 430990-2179

Íslenski lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur

2007

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Áritun stjórnar	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-17
Sérgreind yfirlit deilda	18-20

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Íslenska lífeyrissjóðnum ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2007, efnahag hans 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 31. mars 2008.

Deloitte hf.



Sigurður Páll Hauksson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Íslenski lífeyrissjóðurinn var stofnaður í júní 1990 og staðfesti fjármálaráðuneytið samþykktir sjóðsins þann 20. júní sama ár. Tilgangur sjóðsins samkvæmt 2. gr. samþykktu er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri.

Á sjóðfélagafundi 30. júní 1998 var samþykkt að breyta Íslenska lífeyrissjóðnum í alhliða lífeyrissjóð samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Fjármálaráðuneytið veitti sjóðnum síðan leyfi til starfrækslu lífeyrissjóðs 20. október 1999.

Starfsemin á árinu fólst í að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í samræmi við lög um lífeyrissjóði, samþykktir og fjárfestingastefnu sjóðsins.

Hér fer á eftir nafnávöxtun sjóðsins.

	2007	2006	2005	2004	2003
Líf I	8,1%	20,4%	14,7%	12,2%	19,2%
Líf II	8,0%	19,4%	12,8%	11,4%	16,2%
Líf III	9,4%	14,5%	9,4%	12,0%	10,8%
Líf IV	14,2%	11,8%			
Samtrygging	7,7%	19,6%	14,2%	10,1%	13,0%

Virkir sjóðfélagar á árinu 2007 voru 20.251 talsins, en voru 18.014 í ársbyrjun. Til virkra sjóðfélaga í árslok 2007 teljast 19.734 einstaklingar sem greiddu iðgjöld á árinu að viðbættum 517 lífeyrisþegum samanborið við 17.614 greiðendur árið 2006 og 400 lífeyrisþega. Í árslok var stærð sjóðsins 29.745.139.908, sem er um 33% stækkun á árinu.

Á árinu 2007 starfaði enginn starfsmaður hjá sjóðnum en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbanka Íslands hf. fær bankinn þóknun fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins. Umsýsluþóknun Íslenska lífeyrissjóðsins til Landsbankans er nú 0,1% af eignum sjóðsins í árslok. Því til viðbótar reiknast árangurstengd þóknun ef ávöxtun eigna sjóðsins fer umfram þær viðmiðunarvísitölur sem fjárfestingarstefna sjóðsins tekur mið af. Árangurstengd þóknun er 20% af ávöxtun umfram viðmið sjóðsins. Samanlögð þóknun getur þó ekki farið umfram 0,5% af eignum. Árangurstengd þóknun er reiknuð sérstaklega fyrir samtryggingardeildina og hverja leið Lífsbrautarinnar. Engin þóknun reiknast vegna inneignar í Lífeyrisbók. Á árinu 2007 er umsýsluþóknun samtals 0,46% af eign sjóðsins í árslok. Sú þóknun ræðst fyrst og fremst af góðum árangri af stýringu eigna sjóðsins sem voru vel umfram viðmið þeirra markaða sem sjóðurinn fjárfestir á. Þannig var ávöxtun fyrir allar deildir um 1,1 milljarði umfram þau viðmið sem gefur góða mynd af þeim árangri sem virk stýring eigna sjóðsins skilaði sjóðfélögum.


Árið 2007 var fjárfestum erfitt eftir fjögur góð ár í röð. Samt sem áður nutu sjóðfélagar Íslenska lífeyrissjóðsins góðrar ávöxtunar. Hlutabréf reyndust slakur fjárfestingakostur og lækkuðu innlend hlutabréf að jafnaði um 1,4 % og voru flestir erlendir markaðir rétt um núllið utan nýmarkaða sem hækkuðu um 36% mælt í dollar eða um 24% í krónum. Innlend hlutabréf voru yfirvigtuð miðað við langtímastefnu sjóðsins á fyrri hluta ársins en seld í miklu magni á haustmánuðum. Erlend hlutabréf voru minnkandi hluti af sjóðnum þegar leið á árið og voru þau mikið undirvigtuð á síðasta ársfjórðungi. Stóran hluta af árangri stýringar sjóðsins má rekja til góðra tímasetninga á hlutabréfaviðskiptum sjóðsins. Ávöxtun innlendra skuldabréfa var slök þriðja árið í röð utan allra stystu skuldabréfanna, þannig skiluðu ríkistryggð bréf með langan binditíma 6-9% raunávöxtun og millilöng -2,8% raunávöxtun. Hins vegar gáfu skammtímaskuldabréf 8% raunávöxtun á árinu og fór ávöxtun skammtímaskuldabréfa hækkanði á árinu samhliða hækkanði stýrivöxtum. Áhersla stýringar deildanna á skuldabréf með stuttan binditíma reyndist því vel í hækkanði vaxtaumhverfi. Allar deildir sjóðsins gáfu mun betri ávöxtun en fjárfestingastefna þeirra segir til um og að allar deildir skyldu skila jákvæðri raunávöxtun í afar erfiðu árferði.

Áritun stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2008


Stjórn



Ingólfur Guðmundsson




Helgi Magnússon



Jón Snorri Snorrason




Hermann Jónasson



Kristín Jóhannesdóttir

Framkvæmdastjóri



Tómas N. Möller

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2007

	Skýr.	2007	2006
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		2.363.549.829	1.893.214.581
Iðgjöld launagreiðenda		2.592.885.755	2.000.134.486
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		664.799.189	834.688.688
		<u>5.621.234.773</u>	<u>4.728.037.755</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	3	363.670.107	259.242.888
		<u>363.670.107</u>	<u>259.242.888</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum		18.626.004	3.323.318
Vaxtatekjur og gengismunur	4	2.201.456.328	3.120.235.850
		<u>2.220.082.332</u>	<u>3.123.559.168</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5	48.168.880	21.097.945
Vaxtagjöld		9.876.992	13.304.167
		<u>58.045.872</u>	<u>34.402.112</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5	105.007.596	45.079.523
		<u>105.007.596</u>	<u>45.079.523</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		7.314.593.526	7.512.872.400
Hrein eign frá fyrra ári		<u>22.430.546.382</u>	<u>14.917.673.982</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>29.745.139.908</u>	<u>22.430.546.382</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

Eignir	Skýr.	31.12.2007	31.12.2006
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	2,6	27.660.147.046	19.386.116.226
Verðbréf með föstum tekjum	2,7	2.145.457.989	775.113.611
Bankainnstæður		95.399.158	2.297.713.666
		<u>29.901.004.193</u>	<u>22.458.943.503</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	2	105.620.641	42.421.690
Aðrar kröfur	12	36.866.747	33.723.618
